



## BLANDAÐ BÓLUEFNI

### Bóluefni gegn lambablóðsótt, flosnýrnaveiki (garnapest) og bráðapest

Bóluefnið er blanda af sýklum og eiturefnum þeim, sem valda lambablóðsótt, flosnýrnaveiki og bráðapest. Hvort tveggja hefur verið gert óvirkt með formalínmeðferð.

**Notkun:** Bóluefnið er notað til þess að verja nýfædd lömb gegn lambablóðsótt með því að bólusetja ærnar á meðgöngu. Þær framleiða þá mótefni sem þær skila yfir í lömbin með broddmjólkinni. Bóluefnið veitir þá einnig nokkra vörn gegn flosnýrnaveiki í 2 – 3 vikna gömlum lömbum. Þar sem mikil brögð eru að flosnýrnaveiki hefur reynst vel að bólusetja lömbin u.þ.b. þriggja vikna gömul. Bóluefnið má einnig nota á haustin til varnar bráðapest og garnapest og fæst þá um leið grunnbólusetning gegn lambablóðsóttinni.

#### Bólusetningarleiðbeiningar:

1. Gegn lambablóðsótt:
  - a) Grunnbólusetning að hausti: Bólusetjið ásetningslömb, helst tvisvar sinnum með tveggja vikna millibili.
  - b) Yngra fé sem hefur verið grunnbólusett að hausti: Bólusetjið allar fengnar ær u.þ.b. hálfum mánuði fyrir burð.
  - c) Fé sem ekki hefur verið bólusett að hausti: Bólusetjið yngra fé tvisvar sinnum fyrir burð, fyrst mánuði fyrir burð og svo aftur hálfum mánuði síðar um leið og eldri ærnar eru bólusettar.
  - d) Ef mikil brögð að lambablóðsótt undangengin ár: Bólusetjið allt fé tvisvar fyrir burð.
2. Gegn bráðpest og flosnýrnaveik/garnapest að hausti: Bólusetjið (ásetnings) lömb . Ráðlegt er að bólusetja tvisvar með u.þ.b. tveggja vikna millibili. Þar sem pestarhætta er mikil er ráðlegt að bólusetja líka veturgamalt fé. Ef það hefur verið bólusett áður nægir ein bólusetning.
3. Gegn flosnýrnaveiki/garnapest. Veikin vandamál í eldri lömbum (> þriggja vikna): Bólusetjið lömbin u.þ.b. þriggja vikna gömul. Bestur árangur fæst með tvíbólusetningu með tveggja vikna millibili.

**Bólusetning:** Notið dauðhreinsaðar sprautur og nálar. Sprautið 2 ml undir húð. Nota má hálfan skammt í lömb að vori (1 ml). Gætið ávallt ítrasta hreinlætis. Skipta skal oft um nálar og strax ef nál óhreinkast.

**Varnaðarorð:** Gætið þess að fengnar ær verði fyrir sem minnstu hnjaski við bólusetninguna. Fyrstu dagana eftir bólusetningu skal hlífa fénu við áreynslu, kulda og sulti.

**Fyrning og geymsla bóluefnis:** Notið bóluefnið ávallt fyrir þann tíma sem stimplaður er á glösin. Átekin glös skal helst klára úr innan sólarhrings frá því að byrjað er á þeim. Bóluefnið skal geyma á köldum, dimmum stað (2-8 °C).

**Biðtími fyrir afurðanýtingu:** 0 dagar.